



ENOR

Enor ehf. | s. 430 1800 | www.enor.is



Sveitarfélagið Skagaströnd

Endurskoðunarskýrsla 2017

Efnisyfirlit

	<i>Bls.</i>
<i>Endurskoðun</i>	<i>3</i>
<i>Helstu niðurstöður endurskoðunar</i>	<i>4</i>
<i>Ársreikningur sveitarfélagsins</i>	<i>5 - 13</i>
<i>Reikningshaldslegt mat</i>	<i>14 - 15</i>
<i>Notkun reikningsskilaaðferða</i>	<i>16</i>
<i>Niðurstöður yfirferðar á innra eftirliti</i>	<i>17</i>
<i>Önnur mikilvæg atriði</i>	<i>18</i>

Endurskoðun ársins 2017

Akureyri, 30. apríl 2018

Sveitarstjórn Sveitarfélagsins Skagastrandar

Við höfum lokið endurskoðun okkar á ársreikningi Sveitarfélagsins Skagastrandar fyrir árið 2017. Markmið endurskoðunarinnar er að skila sveitarfélaginu og hagsmunaaðilum óháðu álit á reikningsskilum sveitarfélagsins. Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Samkvæmt þeim ber okkur að fara eftir settum siðareglum og skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægjanleg vissa fáiist um hvort ársreikningurinn sé án verulegra annmarka.

Í álit okkar á ársreikning sveitarfélagsins segir: Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu sveitarfélagsins á árinu 2017, efnahag þess 31. desember 2017 og breytingu á handbæru fé á árinu 2017, í samræmi við lög um ársreikninga og settar reikningsskilareglur.

Að endurskoðuninni komu eftirtaldir starfsmenn Enor:

Davíð Búi Halldórsson, löggiltur endurskoðandi

Níels Guðmundsson, löggiltur endurskoðandi

Við þökkum stjórnendum og starfsfólki sveitarfélagsins alla þá aðstoð sem okkur var veitt. Ef upp vakna spurningar um endurskoðunina eða niðurstöður hennar þá hvetjum við stjórn eða stjórnendur til þess að hafa samband við okkur.

Virðingarfyllt,

Enor ehf.



Davíð Búi Halldórsson

löggiltur endurskoðandi

Helstu niðurstöður

Hér á eftir eru settar fram helstu niðurstöður endurskoðunarinnar, ítarlegri umfjöllun um einstaka liði er á blaðsíðum 5 til 18 í skýrslunni.

Ársreikningur sveitarfélagsins

Ársreikningur Sveitarfélagsins Skagastrandar hefur að geyma ársreikning sveitarsjóðs, og samantekin reikningskil sveitarsjóðs, stofnana sveitarfélagsins og dótturfélaga.

Hagnaður varð á rekstri A-hluta fyrir afskriftir og fjármagnsliði að fjárhæð kr. 1,9 millj. samanborið við kr. 9,1 millj. áætlað tap skv. fjárhagsáætlun.

Afkoma samstæðunnar var kr. 23,6 millj. betri en áætlun gerði ráð fyrir. Jákvæð frávík frá áætlun eru í skatttekjum, greiðslum frá jöfnunarsjóði sveitarfélaga, æskulýðs og íþróttamálum og í B-hlutanum voru jákvæð frávík hjá öllum stofnunum fyrir utan Vatnsveitu. Helstu neikvæðu frávikin snúa að fræðslumálum, félagsþjónustu, umhverfismálum, breytingu á lífeyrisskuldbindingum og fjármagnsliðum.

Fjárfestingar í varanlegum rekstrarfjármunum námu kr. 73,8 millj. hjá samstæðu sveitarfélagsins á árinu 2017, sem er um 27,6% af skatttekjum ársins 2017. Stærstu einstaka fjárfestingar ársins voru endurbætur á Höfðaskóla kr. 29,4 millj. og endurbætur við sundlaug kr. 16,8 millj.

Verðbréfaeign og handbært fé lækkuðu samtals um kr. 14,4 millj. milli áranna 2016 og 2017. Engin lántaka var á árinu en í samstæðunni nema langtímalán kr. 246,8 millj. og tilheyra þær skuldir allar félagslegu íbúðunum.

Hækkun lífeyrisskuldbindingar sveitarfélagsins á árinu 2017 nam kr. 26,3 millj. en á móti til lækkunar koma greiðslur ársins og uppgjör vegna Brúar samtals að fjárhæð um kr. 11,6 millj.

Reikningshaldslegt mat

Við teljum að mat viðskiptakrafna í árslok 2017 sé í samræmi við reikningskilareglur og matsaðferðir í fyrri uppgjörum.

Við teljum að eignarhlutir sveitarfélagsins séu hæfilega metnir í árslok 2017.

Notkun reikningskilaaðferða

Það er mat okkar að sveitarfélagið noti reikningskilaaðferðir sem eru í samræmi við lög um ársreikninga og settar reikningskilareglur.

Við höfum yfirfarið reikningskilin með tilliti til laga um ársreikninga og settra reikningskilareglna. Engin veruleg frávík komu fram við þá yfirferð.

Niðurstöður yfirferðar á innra eftirliti

Miðað við eðli og umfang starfseminnar teljum við að eftirlitsumhverfi sveitarfélagsins og áhættumat sé í eðlilegum farvegi. Engin veruleg frávík eða veikleikar á innra eftirliti komu fram við yfirferð okkar vegna ársins 2017.

Mikilvægt er að klára innleiðingu á nýju tölvu- og upplýsingakerfi á árinu og þjálfar starfsmenn í því að ná betri tókum á einstaka þáttum þess. Mun það styrkja innra eftirlit og upplýsingagjöf til stjórnenda og sveitarstjórnar.

Ársreikningur sveitarfélagsins

Afkoma sveitarfélagsins, A- og B hluta

Ársreikningur Sveitarfélagsins Skagastrandar hefur að geyma ársreikning sveitarsjóðs, og samantekin reikningsskil sveitarsjóðs, stofnana sveitarfélagsins og dótturfélaga. Samstæðuársreikningur sveitarfélagsins er gerður með þeim hætti að lagðir eru saman sambærilegir liðir eigna, skulda, tekna og gjalda úr ársreikningum einstakra fyrirtækja og stofnana en öllum innbyrðis viðskiptum, eignum og skuldum er eytt út.

Hagnaður varð á rekstri A-hluta fyrir afskriftir og fjármagnsliði að fjárhæð kr. 1,9 millj. samanborið við kr. 9,1 millj. áætlað tap skv. fjárhagsáætlun.

Rekstrarniðurstaða A-hluta var jákvæð á árinu 2017 um kr. 7,9 millj. samanborið við kr. 1,1 millj. jákvæða afkomu skv. áætlun. Rekstrarniðurstaða samstæðu A- og B-hluta á árinu 2017 var jákvæð um kr. 27,6 millj. samanborið við kr. 4,0 millj. jákvæða afkomu skv. áætlun.

Afkoma samstæðunnar var því kr. 23,6 millj. betri en áætlun gerði ráð fyrir. Jákvæð frávik frá áætlun eru í skatttekjum, greiðslum frá jöfnunarsjóði sveitarfélaga, æskulýðs og íþróttamálum og í B-hlutanum voru jákvæð frávik hjá öllum stofnunum fyrir utan vatnsveitu. Helstu neikvæðu frávikin snúa að fræðslumálum, félagsþjónustu, umhverfismálum, breytingu á lífeyrisskuldbindingum og fjármagnsliðum.

Hér til hliðar má sjá helstu frávik frá áætlun

Frávik frá áætlun (í þús kr.)

	Áætlun		
	Rauntölur	með viðaukum	Frávik
Skatttekjur	433.819	400.088	33.731
Félagsþjónusta	(34.574)	(32.244)	(2.330)
Fræðslumál	(225.208)	(206.379)	(18.829)
Æskulýðs- og íþróttamál	(39.891)	(44.966)	5.075
Umhverfismál	(7.809)	(4.893)	(2.916)
Sameiginlegur kostn.	(50.943)	(44.843)	(6.100)
Breyting lífeyrisskuldbindingar	(26.262)	(20.400)	(5.862)
Eignasjóður	(9.502)	(13.106)	3.604
Aðrir liðir í A-hluta	(31.689)	(32.206)	517
Hafnarsjóður	13.368	4.448	8.920
Félagslegar íbúðir	6.117	896	5.221
Fráveita	6.289	4.063	2.226
Aðrir liðir í B-hluta	(6.146)	(6.499)	353
	<u>27.571</u>	<u>3.959</u>	<u>23.612</u>

Ársreikningur sveitarfélagsins

Tekjustofnar sveitarfélagsins

Útsvarstekjur sveitarfélagsins hækkuðu um kr. 11,6 millj. eða 5,0% milli árána 2016 og 2017, en í fjárhagsáætlun sveitarfélagsins hafði verið gert ráð fyrir um kr. 3,9 millj. hækkun í útsvarstekjum milli ára eða um 1,7%. Fasteignaskattar lækka um 1,7% milli ára vegna leiðréttingar á fasteignagjöldum hesthúsaeigenda en ekki hafði verið gert ráð fyrir því í áætlun en framlög úr jöfnunarsjóði halda áfram að hækka rétt eins og milli árána 2014-2016. Framlög úr jöfnunarsjóði hækka um 10% milli árána 2016 og 2017 en um 21,1% frá áætlun.

Aðrar tekjur A-hluta standa í stað milli ára en eru 3,5% undir áætlun. Á árinu 2017 fékk sveitarfélagið kr. 1,5 millj. framlag vegna lagningar á ljósleiðara.

Tekjustofnar A-hluta greinast þannig samanborið við áætlun og fyrri ár.

Tekjustofnar A-hluti (í þús. kr.)

	2017	Áætlun með viðaukum	2016	2015	2014	2013
Útsvar	245.211	237.502	233.620	240.065	222.176	240.735
Fasteignaskattur, lóðaleiga	27.772	28.550	28.257	27.141	26.238	24.988
Framlag úr jöfnunarsjóði	153.835	127.028	139.847	109.052	88.245	87.552
Aðrar tekjur	70.587	73.168	70.456	102.375	108.711	85.919
	497.405	466.248	472.180	478.634	445.371	439.194

Framlög úr jöfnunarsjóði (í þús. kr.)

Framlag vegna útgjaldajöfnunar	56.219	44.460	52.182	40.501
Framlag vegna grunnskóla	63.173	53.550	54.082	38.930
Framlag vegna fasteignaskatts	25.581	22.676	22.138	17.270
Önnur framlög	8.835	6.314	11.445	12.352
	153.807	127.000	139.847	109.052

Ársreikningur sveitarfélagsins

Rekstur aðalsjóðs

Útgjöld til málaflokka í aðalsjóði, önnur en fjármagnsliðir og framlag vegna lífeyrirsskuldbindinga námu kr. 476,7 millj. á árinu 2017 samanborið við kr. 465,9 millj. á árinu 2016. Hækkunin er kr. 10,8 millj. eða 2,3%. Hækkun varð á fræðslu- og uppeldismálum en hækkunin nam kr. 11 millj. Hækkun sameiginlegs kostnaðar nam kr. 11,7 millj. en hækkunina má rekja til tölvu- og upplýsingamála, framlags vegna lagningar ljósleiðara og fleiri þátta. Fjármagnsliðir voru jákvæðir um kr. 29,1 millj. á árinu 2017 samanborið við kr. 32,5 millj. á árinu 2016. Lífeyrirsskuldbinding sveitarfélagsins hækkaði milli ára og nam hækkunin kr. 26,3 millj. en hluti hækkunar er vegna uppgjörs við Brú lífeyrissjóð sem fram fór á árinu 2018. Gjaldfærsla vegna Brúar nam kr. 7,9 millj. á árinu 2017.

Útgjöld málaflokka (í þús. kr.)


	2017	2016	2015	2014	2013	2012
Aðalsjóður:						
Félagsþjónusta	36.183	43.222	54.290	51.156	46.373	43.368
Fræðslu- og uppeldismál	264.358	253.314	263.367	240.833	203.754	204.417
Meningarmál	16.123	19.414	18.982	17.496	12.627	14.197
Æskulýðs- og íþróttamál	47.626	48.632	47.308	42.055	40.277	42.786
Brunamál og almannavarnir	6.461	5.596	4.610	4.955	5.505	5.135
Hreinlætismál	16.929	16.388	15.908	14.876	15.336	15.632
Skipulags- og byggingarmál	1.986	1.317	669	9.711	11.426	8.409
Umferðar- og samgöngumál	9.052	10.097	9.225	14.431	15.441	12.607
Umhverfismál	7.827	5.508	5.391	6.037	3.414	4.899
Atvinnumál	11.943	15.852	18.252	16.546	12.787	11.520
Sameiginlegur kostnaður	58.248	46.592	48.934	47.970	45.290	41.367
	476.735	465.934	486.935	466.065	412.230	404.337
Fjármagnsliðir	(29.106)	(32.526)	(35.865)	(31.656)	(33.727)	(36.514)
Breyting lífeyrirsskuldbindinga	26.262	20.972	12.151	15.050	5.490	(4.159)
Aðalsjóður samtals	473.890	454.380	463.221	449.458	383.993	363.664

Gjaldfærð framlög vegna hitaveituframkvæmda eru tekin út við samanburðinn en þau námu kr. 2,1 millj. á árinu 2015, kr. 13,0 millj. á árinu 2014, kr. 5,4 millj. á árinu 2013 og kr. 180 millj. á árinu 2012. Kostnaðarþáttaka sveitarfélagsins í hitaveituframkvæmdum íbúa náði fram á mitt ár 2015.

Ársreikningur sveitarfélagsins

Útgjöld málaflokka í aðalsjóði í hlutfalli af rekstrartekjum A-hluta

Framlög sveitarsjóðs vegna hitaveituf framkvæmda að fjárhæð kr. 2,1 millj. á árinu 2015, kr. 13,0 millj. á árinu 2014, 5,4 millj. á árinu 2013 og kr. 180 millj. á árinu 2012 hafa verið tekin út til þess að auðvelda samanburð.



Ársreikningur sveitarfélagsins

Þróun launakostnaðar

Laun og launatengd gjöld eru stærsti einstaki kostnaðarpáttur sveitarfélagsins og námu þau kr. 254,1 millj. á árinu 2017 samanborið við kr. 250,8 millj. árið 2016. Hér má sjá launaþróun sveitarfélagsins frá árinu 2012. Tekið skal fram að samningur við Hjallastefnuna hefur áhrif á samanburð á launakostnaði til ársbyrjunar 2015.

Launaþróun (í þús. kr.) Skv. rekstrarreikningi	2017	2016	2015	2014	2013	2012
Laun	204.893	202.447	202.620	216.486	191.054	189.985
Launatengd gjöld	49.174	48.315	48.879	52.292	45.978	45.390
Breyting á lífeyrisskuldb	26.262	20.972	12.151	15.050	5.490	(4.159)
	280.329	271.733	263.650	283.828	242.523	231.216
Breyting frá fyrra ári	3,2%	3,1%	-7,1%	17,0%	4,9%	-4,5%

Lífeyrisskuldbinding v. Brúar

Lífeyrisskuldbinding sveitarfélagsins hækkaði milli ára og nam hækkunin kr. 26,3 millj. Hér að neðan má sjá gjaldfærslu á lífeyrisskuldbindingu v. Brúar lífeyrissjóð á næstu árum. Skuldbindingin sem var samtals kr. 29,8 millj. hafði ekki verið reiknuð upp áður þar sem veruleg óvissa ríkti um fjárhæð hennar. Í árslok lág skuldbindingin fyrir og skipting milli sveitarfélaga. Sveitarfélögum stóð til boða lánveiting frá Brú til uppgreiðslu á skuldbindingunni sem og lánasjóði sveitarfélaga en sveitarstjórn tók ákvörðun um að greiða skuldbindinguna upp í ársbyrjun 2018. Gefin var út reglugerð í tengslum við meðferð á skuldbindingunni í ársreikningum sveitarfélaga. Jafnvæggissjóður skal gjaldfærður í heild sinni á árinu 2017 en hann er tilkominn vegna áfallinna skuldbindinga, lífeyrisaukasjóður gjaldfærast á 30 árum en hann er útreikningur á framtíðar skuldbindingum og varasjóðurinn gjaldfærast á 20 árum en hann er til að mæta óvissu í útreikningum. Í ársreikningi 2017 voru kr. 7,9 millj. gjaldfærðar vegna þessa og skuldbinding færð upp meðal skammtímaskulda. Í ársreikningi 2018 verður færð eignfærsla að fjárhæð kr. 21,9 millj. og gjaldfærast hún á árunum 2018-2047 eins og fram kemur hér til hliðar.


Gjaldfærsla lífeyrisskuldbindingar v. Brú lífeyrissjóður

Gjaldfært	2017	30 ár	20 ár	Samtals
	Jafnvæggissjóður	Lífeyrisaukasjóður	Varúðarsjóður	
	7.403.121	20.215.566	2.174.851	29.793.538
2017	7.403.121	393.080	63.433	7.859.635
2018		673.852	108.743	782.595
2019		673.852	108.743	782.595
2020		673.852	108.743	782.595
2021		673.852	108.743	782.595
2022		673.852	108.743	782.595
2023		673.852	108.743	782.595
2024		673.852	108.743	782.595
2025		673.852	108.743	782.595
2026		673.852	108.743	782.595
2027		673.852	108.743	782.595
2028		673.852	108.743	782.595
2029		673.852	108.743	782.595
2030		673.852	108.743	782.595
2031		673.852	108.743	782.595
2032		673.852	108.743	782.595
2033		673.852	108.743	782.595
2034		673.852	108.743	782.595
2035		673.852	108.743	782.595
2036		673.852	108.743	782.595
2037		673.852	45.309	719.162
2038-2047		673.852		673.852

Ársreikningur sveitarfélagsins

Sjóðstreymi

Hjá A-hluta var handbært fé frá rekstri jákvætt um kr. 30,2 millj. samanborið við kr. 41,8 millj. jákvætt handbært fé frá rekstri árið 2016. Í áætlun var gert ráð fyrir að handbært fé frá rekstri yrði jákvætt um kr. 36,6 millj. Hjá samstæðunni A- og B-hluta var handbært fé frá rekstri jákvætt um kr. 75,6 millj. samanborið við kr. 80,5 millj. jákvætt handbært fé frá rekstri árið 2016.



Handbært fé samstæðunnar nam kr. 457,9 millj. í árslok samanborið við kr. 539,9 millj. í ársbyrjun. Auk þess nam verðbréfaeign sveitarfélagsins kr. 192,1 millj. samanborið við kr. 124,5 millj. í árslok 2016. Samanlagt lækkar handbært fé og verðbréf um kr. 14,4 millj.

Ársreikningur sveitarfélagsins

Efnahagsreikningur

Fjárfestingar í varanlegum rekstrarfjármunum námu kr. 73,8 millj. hjá samstæðu sveitarfélagsins á árinu 2017, sem er um 17% af skattekjum ársins 2017. Skv. ákvæðum 66. gr. sveitarstjórnarlaga skal framkvæmt sérstakt mat á áhrifum fjárfestingar á fjárhag sveitarfélags ef hún nemur hærri fjárhæð en 20% af skatttekjum sveitarfélagsins og reynir því ekki á það í þessu samhengi. Stærstu einstaka fjárfestingar ársins 2017 voru endurbætur á Höfðaskóla kr. 29,4 millj. og endurbætur við sundlaug kr. 16,8 millj.

Verðbræfaeign og handbært fé lækkuðu samtals um kr. 14,4 millj. milli árana 2016 og 2017. Engin lántaka var á árinu. Lífeyrisskuldbinding sveitarfélagsins hækkar um kr. 14,7 millj. milli ára, en að öðru leyti eru ekki miklar breytingar á efnahagsliðum hjá sveitarfélaginu. Hluti Brúar er færður undir aðrar skammtímaskuldir. Veltufjármunir nema kr. 956,2 millj. í A-hluta og nemur veltufjárhlutfall 5,0 í árslok samanborið við 5,9 í ársbyrjun. Í samstæðunni nemur veltufjárhlutfall 12,8 en var 14,6 í ársbyrjun.

Heildarskuldir A-hluta voru kr. 356 millj. í árslok 2017 samanborið við kr. 315,6 millj. í árslok 2016. Langtímalán A-hluta eru öll uppgreidd en í samstæðunni nema langtímalán kr. 246,8 millj. og tilheyra þær skuldir Félagslegu íbúðunum. Eigið fé A-hluta var í árslok kr. 1.135,2 millj. og var eiginfjárhlutfallið 76,1%. Eigið fé samstæðunnar var í árslok kr. 1.246,7 millj. og eiginfjárhlutfallið 73,1%. Eiginfjárhlutfall A-hlutans lækkar áfram milli ára vegna hækkunar viðskiptastöðu aðalsjóðs við Hafnarsjóð og góðri afkomu B-hlutans í heild. Í heild stendur eiginfjárhlutfall samstæðunnar í stað milli ára.

Skuldir sveitarfélagsins á hvern íbúa í árslok 2017 voru kr. 957 þús. með lífeyrisskuldbindingum samanborið við kr. 937 þús. í árslok 2016. Eigið fé á íbúa nam kr. 2.606 þús. í árslok 2017 samanborið við kr. 2.544 þús. í árslok 2016.

Ársreikningur sveitarfélagsins

B-hluta fyrirtæki

Hafnarsjóður

Hagnaður ársins nam kr. 13,4 millj. samanborið við kr. 19,0 millj. hagnað árið 2016. Tekjur héldu áfram að lækka í Hafnarsjóði en lækkun milli ára nam kr. 8,9 millj. sem samsvarar um 16,3% lækkun. Árið áður höfðu tekjur hafnarsjóðs lækkað um 14% frá árinu 2015. Vísir hætti að landa á Skagaströnd og skýrir það lækkunina að verulegu leiti. Rekstrargjöld Hafnarsjóðs lækka milli ára vegna lækkunar í viðhaldskostnaði.

Fjárfestingar í Hafnarsjóði voru óverulegar á árinu og námu aðeins kr. 1,8 millj. vegna siglingaljósa. Framkvæmdin var ekki styrkhæf.

Staða Hafnarsjóðs er góð og var eiginfjárlutfall sjóðsins 99,4% í árslok 2017. Hafnarsjóður á í árslok 2017 kröfu á sveitarsjóð að fjárhæð kr. 149,1 millj.

Félagslegar íbúðir

Hagnaður var á rekstri Félagslegara íbúða á árinu að fjárhæð kr. 6,1 millj. samanborið við kr. 1,3 millj. tap árið 2016. Leigutekjur hækka um tæpar kr. 2,5 millj. milli ára sem er um 10,7% og kostnaður við rekstur fasteigna lækkar um kr. 3,6 millj. milli ára. Leiga var hækkuð um 10% á árinu 2017 í skrefum eða í samræmi við uppsagnarfesti. Tvær íbúðir voru seldar á árinu, Suðurvegur 2 og Suðurvegur 6.

Eins og fram kemur hér að framan voru tvær íbúðir seldar á árinu og voru 27 íbúðir í rekstri hjá Félagslegum íbúðum í árslok 2017. Bókfært verð þessara 27 íbúða var kr. 261,8 millj. í árslok 2017 eða um kr. 9,7 millj. að meðaltali á hverja íbúð.

Áhvílandi lán á íbúðunum nema samtals kr. 256,1 millj. í árslok 2017 sem er að meðaltali um kr. 9,5 millj. á hverja íbúð en lánin eru einu langtímaskuldir samstæðunnar við þriðja aðila í árslok 2017.

Ársreikningur sveitarfélagsins

B-hluta fyrirtæki

Félagshemilið Fellsborg

Tap ársins nam kr. 7,8 millj. samanborið við kr. 9 millj. tap árið 2016. Tekjur voru kr. 2,1 millj. en rekstur félagsheimilisins var leigður frá miðju ári. Rekstrargjöld félagsheimilisins fyrir afskriftir lækka úr kr. 7,3 millj. í kr. 4,6 millj. milli ára fyrir utan afskriftir.

Engar fjárfestingar voru í félagsheimilinu á árinu 2017.

Eigið fé félagsheimilisins var í árslok 2017 neikvætt um kr. 58,1 millj. og er uppsöfnuð skuld við sveitarsjóð komin í kr. 146,1 millj.

Skoða þarf hvort félagsheimili sé rekið sem málaflokkur í framtíðinni hjá sveitarfélaginu í stað þess að gera upp sérstaklega vegna breytinga á fyrirkomulagi rekstrarins.

Reikningshaldslegt mat

Við gerð ársreikningsins þurfa stjórnendur að taka ákvarðanir, meta og gefa sér forsendur sem hafa áhrif á stöðu eigna, skulda, tekna og gjalda sem og upplýsingar í skýringum á reikningsskiladegi. Við matið er byggt á reynslu, þekkingu og fleiri þáttum sem taldir eru viðeigandi og mynda grundvöll fyrir stöðu á bókfærðu verði eigna og skulda sem ekki liggur fyrir með öðrum hætti.

Mat viðskiptakrafna

Mat viðskiptakrafna sveitarfélagsins var yfirfarið með sveitastjóra.

Niðurfærsla viðskiptakrafna í árslok 2017 hjá A-hluta nam kr. 5 millj. sem er 9,1% af útistandandi kröfum, samanborið við kr. 5 millj. og 10,3% í ársbyrjun. Niðurfærsla hjá A og B-hluta nam kr. 5,2 millj. sem er 9,7% af útistandandi kröfum samanborið við kr. 6,2 millj. í ársbyrjun og 10,6%.

Sértæk niðurfærsla hefur verið færð þar sem verulegur vafi þykir á innheimtu en auk þess er almenn niðurfærsla tekin á kröfum sem ekki voru niðurfærðar sértækt.

Niðurstaða

Við teljum að mat viðskiptakrafna í árslok 2017 sé í samræmi við reikningskilareglur og matsaðferðir í fyrri uppgjörum.

Viðskiptakröfur - A hluti (í þús. kr.)	2017	2016
Viðskiptakröfur	47.770	48.079
Niðurfærsla krafna	(4.369)	(4.950)
Viðskiptakröfur nettó	43.400	43.129
Niðurfærsla í %	9,1%	10,3%

Viðskiptakröfur - A- og B hluti (í þús. kr.)	2017	2016
Viðskiptakröfur	53.010	58.685
Niðurfærsla krafna	(5.159)	(6.210)
Viðskiptakröfur nettó	47.851	52.475
Niðurfærsla í %	9,7%	10,6%

Reikningshaldslegt mat

Við gerð ársreikningsins þurfa stjórnendur að taka ákvarðanir, meta og gefa sér forsendur sem hafa áhrif á stöðu eigna, skulda, tekna og gjalda sem og upplýsingar í skýringum á reikningsskiladegi. Við matið er byggt á reynslu, þekkingu og fleiri þáttum sem taldir eru viðeigandi og mynda grundvöll fyrir stöðu á bókfærðu verði eigna og skulda sem ekki liggur fyrir með öðrum hætti.

Mat eignarhluta í félögum

Mat á eignarhlutum sveitarfélagsins var yfirfarið.

Bókfært verð eignarhluta í félögum hjá sveitarfélaginu var kr. 59,4 millj. í árslok. Sveitarfélagið jók við hlut sinn í Hólanesi vegna byggingar á gistiheimili sem leigt er til rekstraraðila á svæðinu. Að öðru leyti eru óverulegar breytingar á eignarhlutum sveitarfélagsins á árinu og engin breyting gerð á niðurfærslu eignarhluta.

Hér til hliðar má sjá sundurliðun á bókfærðu verði eignarhluta.

Niðurstaða

Við teljum að eignarhlutir sveitarfélagsins séu hæfilega metnir í árslok 2017.

Eignarhlutir í félögum (í þús. kr.)	Bókfært verð	
	31.12 2017	31.12 2016
Ámundakinn ehf	1.250	1.250
Hólanes ehf	24.500	5.000
Nes Listamiðstöð ehf	9.000	9.000
Snorraberg ehf	5.408	5.408
Sjávarlíftækni-setrið BioPol ehf	7.000	7.000
Lánasjóður Sveitarfélaga ohf	25.957	25.957
Aðrir sjóðir	1.796	1.729
Niðurfærsla eignarhluta	(15.500)	(15.500)
	<u>59.411</u>	<u>39.844</u>

Notkun reikningsskilaaðferða

Lóðir og lendum

Samkvæmt álitni frá reikningsskilanevnd sveitarfélaga skulu sveitarfélög meta lóðir og lendum sem þau hafa leigutekjur af og færa til eignar í efnahagsreikningi Eignasjóðs. Lóðir og lendum eru færðar á gangvirði eða núvirði framtíðarleigutekna samkvæmt fyrirliggjandi leigusamningum sé það lægra. Lóðir og lendum eru endurmetnar með reglubundnum hætti og matsbreyting færð ef gangvirði hefur vikið verulega frá bókfærðu virði. Í árslok 2017 standa eignfærðar lóðir og lendum í kr. 118,3 millj. sem er sama fjárhæð og í ársbyrjun. Mat á lóðum og lendum er byggt á uppreikningi lóðaleigutekna. Lítil breyting varð á lóðaleigutekjum milli álagningar 2017 og 2018 og er því ekki færð nein matsbreyting á lóðir og lendum á árinu 2017.

Lífeyrisskuldbinding

Áfallin lífeyrisskuldbinding er færð í ársreikninginn. Skuldbindingin felur í sér áætlaðan hlut sveitarfélagsins í lífeyrisskuldbindingu starfsmanna Sveitarfélagsins Skagastrandar í B-deild lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins, annarra en grunnskólakennara. Hlutur sveitarfélagsins er áætlaður 53%. Hækkun lífeyrisskuldbindingarinnar á árinu 2017 nam kr. 26,3 millj. en á móti til lækkunar koma greiðslur ársins auk uppgjors við Brú samtals að fjárhæð kr. 11,6 millj. Skuldbinding vegna Brúar vegna jafnvægisjóðs og hluta hinna sjóðanna er færð meðal annarra skammtímaskulda.

Mat á notkun reikningsskilaaðferða

Við höfum yfirfarið reikningsskilin með tilliti til laga um ársreikninga og annarra laga og reglna sem gilda um reikningsskil sveitarfélaga. Engin veruleg frávik komu fram við þá yfirferð.

Það er mat okkar að sveitarfélagið noti reikningsskilaaðferðir sem eru í samræmi við lög um ársreikninga, sveitarstjórnarlög, reglugerð um bókhald og ársreikninga sveitarfélaga og aðrar settar reikningsskilareglur.

Niðurstöður yfirferðar á innra eftirliti

Eftirlitsumhverfi og innra eftirlit

Farið var yfir eftirlitsumhverfið og lykilþætti í innra eftirliti. Viðhorf stjórnenda til innra eftirlits er að okkar mati jákvætt.

Aðgreining starfa

Aðgreining starfa er takmörkuð sökum fjölda starfsfólks á skrifstofu en stjórnendur sveitarfélagsins eru að okkar mati vel meðvitaðir um þennan veikleika. Mikilvægt er að aðrar eftirlitsaðgerðir komi til móts við þá veikleika sem felast í takmarkaðri aðgreiningu starfa.

Sveitarstjóri hefur tekið saman yfirlit yfir innra eftirlit hjá sveitarfélaginu sem sýnir vel hvar ábyrgð liggur í tengslum við reikningagerð og eins í tengslum við samþykkt kostnaðarreikninga. Yfirlitið er að okkar mati góður grunnur til þess að byggja á og nýtist okkur í yfirferð okkar á tekjum og kostnaði sveitarfélagsins. Uppfæra þarf þetta yfirlit árlega.

Sveitarfélagið tók upp nýtt fjárhagskerfi í upphafi árs 2017. Mikilvægt er að fylgja eftir innleiðingunni og auka skilning starfsmanna á virkni kerfisins þannig að það nýtist sveitarfélaginu sem best í tengslum við eftirlitshlutverk stjórnenda og sveitarstjórnar með starfseminni.

Aðfangafæri

Farið var yfir samþykktarferli á rekstrarkostnaði sveitarfélagsins. Tekið var úrtak úr hreyfingum á gjaldalykla og athugað hvort reikningar og önnur fylgiskjöl væru samþykkt af réttum aðila og hvort skráning væri í lagi. Óveruleg frávik komu fram við yfirferðina og teljum við að samþykktarferlið sé virkt.

Launafæri

Farið var yfir grunn gögn vegna launavinnslu fyrir valin launátímabil innan ársins og skoðað hvort samþykkt væri til staðar fyrir unnum tímum, öðrum greiðslum og launabreytingum. Engin sérstök frávik komu fram við yfirferðina.

Lykilþættir í eftirlitsumhverfi	Mat á eftirlitsumhverfi
<ul style="list-style-type: none">ÁhættumatViðhorf stjórnenda til innra eftirlits og stjórnunarstíllUpplýsingar og samskiptiStjórnendaeftirlitEftirlitsaðgerðir	Miðað við eðli og umfang starfseminnar þá teljum við að eftirlitsumhverfi sveitarfélagsins og áhættumat sé í eðlilegum farvegi.

Önnur mikilvæg atriði

Samkvæmni við lög og reglur

Við höfum yfirfarið helstu lög og reglur sem gilda um starfsemina og lagt mat á það hvort uppgjör sveitarfélagsins væri í samræmi við reglurnar.

Við höfum við endurskoðun okkar ekki komið auga á nein frávik eða brot á lögum og reglum sem gilda um uppgjör eða starfsemi sveitarfélagsins.

Staðfesting á óhæði

Við staðfestum hér með óhæði okkar gagnvart sveitarfélaginu. Okkur er ekki kunnugt um nein tengsl á milli Enor eða starfsmanna Enor og Sveitarfélagsins Skagastrandar sem að okkar faglega mati gætu skert óhæði okkar sem endurskoðenda sveitarfélagsins.

Mismunir og skekkjur

Engir óleiðréttir mismunir eða skekkjur eru til staðar við lok endurskoðunarinnar, samkvæmt okkar vitneskju.